

Fjallabyggð



Reglur Fjallabyggðar um úthlutun styrkja til menningartengdra verkefna, reksturs safna og setra, til hátíðarhalda og stærri viðburða

1. gr. Hlutverk

Fjallabyggð auglýsir einu sinni á ári styrki til menningartengdra verkefna, reksturs safna, setra, hátíðarhalda og stærri viðburða og úthlutar þeim samkvæmt reglum þessum með hliðsjón af menningarstefnu sveitarfélagsins. Framlag til úthlutunar er ákveðið við gerð fjárhagsáætlunar Fjallabyggðar ár hvert.

2. gr. Markmið styrkveitinga

Að styðja við menningarstarfsemi, metnaðarfull verkefni, listsköpun og viðburði í Fjallabyggð sem efla fjölbreytileika samfélagsins og jákvæða þróun.

3. gr. Styrkúthlutanir

Fjallabyggð veitir styrki til einstaklinga, hópa og félagssamtaka, til verkefna s.s. sýninga, námskeiða, fyrirlestra eða annarra menningartengdra verkefna, hátíða eða stærri viðburða sem fram fara innan Fjallabyggðar. Styrkveitingar geta verið í formi fjárstyrks, afnota af mannvirkjum og/eða munum Fjallabyggðar.

Starfandi safn eða setur getur sótt um styrk til reksturs meðal annars til að efla faglega starfsemi, til nýsköpunar, vegna daglegrar starfsemi, samstarf við félagasamtök, stofnanir eða aðra aðila í gegnum samninga um varðveislu og miðlun menningararfs.

Markaðs- og menningarnefnd getur ákveðið sérstakar áherslur við styrkúthlutun hverju sinni og verða þær þá að koma fram í auglýsingu.

Tekið verður tillit til heildarstyrkveitinga Fjallabyggðar til hvers lögaðila hverju sinni. Styrkir eru einungis greiddir út á því ári sem þeir eru veittir og færast ekki á milli ára. Styrkir til menningartengdra verkefna og hátíða geta aldrei verið hærri fjárhæð en sem nemur helmingi (50%) alls kostnaðar. Styrkir vegna menningartengdra verkefna geta að hámarki orðið 500.000 kr. –

Styrkupp hæð greiðist að verkefni loknu þegar fullnægjandi greinargerð verkefnis og sundurliðaður raunkostnaður á þar til gerðu eyðublaði hefur verið skilað inn til Fjallabyggðar. Heimilt er að greiða helming styrks vegna hátíðar allt að mánuði fyrir hátíðina. Rekstrarstyrkir greiðast út innan mánaðar eftir úthlutun.

Falli verkefni niður að hluta til eða öllu leyti af óviðráðanlegum orsökum skulu aðilar tilkynna Fjallabyggð um það innan mánaðar frá þeim tíma sem fyrirhugað var að halda viðburðinn.

Styrkþegar þurfa að hafa sótt styrk eða gert grein fyrir nýtingu hans eigi síðar en 31. október.

Ósóttur styrkur nýtist eftir það til tilfallandi skyndiviðburði.

Ef styrkur er hvorki sóttur né formlega skilað er sama verkefni ekki styrkhæft við næstu úthlutun.

4. gr. Umsóknarferli

Sótt skal um styrki rafrænt á heimasíðu Fjallabyggðar „Rafræn Fjallabyggð“ á þar til gerðum eyðublöðum. Umsókn án nauðsynlegra fylgigagna telst ófullnægjandi og kemur ekki til greina við úthlutun.

Fjallabyggð auglýsir umsóknarfrest að hausti með að minnsta kosti þriggja vikna fyrirvara.

Markaðs- og menningarnefnd úthlutar styrkjum til menningartengdra verkefna. Bæjarráð Fjallabyggðar úthlutar styrkjum til hátíða og rekstrarstyrkjum til safna og setra að fengnum umsögnum Markaðs- og menningarnefndar Fjallabyggðar.

Úthlutun fer fram í janúar ár hvert og skal tilkynna umsækjendum skriflega um niðurstöðu umsóknar og birta lista yfir úthlutaða styrki á heimasíðu Fjallabyggðar.

Umsækjendur skulu setja kostnaðar-, tíma- og fjármögnunaráætlanir inn í umsóknarformið sjálf.

5. gr. Mat á umsóknum

Við mat á umsóknum til menningartengdra verkefna og hátíða skal horft til eftirfarandi þátta:

- Hvernig verkefnið auðgar menningarlíf í Fjallabyggð og hvernig fjármunir nýtist í því samhengi. Einungis er styrkt til verkefna sem fara fram í Fjallabyggð.
- Hversu líklegt er að verkefnið verði framkvæmt og hvort verkefnið muni laða að frekara fjármagn.
- Gæða, vinnslu og framsetningar umsóknar, sýn umsækjenda og fagleg vinnubrögð.
- Að umsókn fylgi nákvæm og sundurliðuð kostnaðar- og fjármögnunaráætlun.
- Að úthlutanir endurspegli breidd, nýmæli og framsækni.
- Að endurnýjun eigi sér stað í hópi styrkþega.

Við mat á umsóknum um rekstrarstyrki til safna og setra skal horft til eftirfarandi þátta:

- Hvernig safnið/setrið auðgar menningarlíf í Fjallabyggð og hvernig fjármunir nýtist í því samhengi.
- Hvernig safnið/setrið stendur að eflingu faglegar starfsemi og treystir rekstur þess.
- Umfang starfseminnar á ársgrundvelli
- Hvernig er staðið að nýsköpun.
- Hvernig er staðið að daglegri starfsemi,
- Hvort umsókn fylgi tilskilin gögn
- Samstarfi við félagasamtök, stofnanir eða aðra aðila er háttáð
- Umfang varðveislu og miðlunar menningararfs í starfsemi safnsins.
- Aðgengi íbúa og gesta Fjallabyggðar er að safninu/setrinu
- Gæða, vinnslu og framsetningar umsóknar, sýn umsækjenda og fagleg vinnubrögð.
- Úthlutanir endurspegli breidd, nýmæli og framsækni

Fjallabyggð áskilur sér rétt til að hafna umsóknum. Samkvæmt 21. grein stjórnáskilum þarf ekki að rökstyðja ákvörðun um úthlutun styrkja á sviði lista og menningar.

6. gr. Umsækjendur

Umsækjendur skulu hafa lögheimili eða með fasta starfsemi á ársgrundvelli í Fjallabyggð. Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnis. Við auglýsingu á verkefni skal láta styrkveitingu Fjallabyggðar koma fram.

Samþykkt á 226. fundi bæjarstjórnar 8. febrúar 2023